

## Kælibót - bestun kælingar í matvælaframleiðslu



Mikilvægi kælingar á öllum stigum fiskframleiðslu hefur komið sífellt sterkar í ljós með auknum rannsóknum Matís og samstarfsaðila á kæliferlum ferskra afurða.



Verkefnið „Sambætting kælibótar“ er styrkt af AVS rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði. Verkefnið Chill-on var styrkt af 6. rammaáætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnanna var að bæta þekkingu um áhrif kælingar á gæði afurða á öllum stigum framleiðsluferilsins.

Mikilvægi kælingar á öllum stigum matvælaframleiðslu hefur komið æ sterkar í ljós með auknum rannsóknum Matís og samstarfsaðila á kæliferlum ferskra fiskafurða.

Á undanförunum misserum vann Matís að verkefnunum „Sambætting kælibótar“ sem styrkt var af AVS rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði og Evrópuverkefninu Chill-on til að bæta þekkingu um áhrif kælingar á gæði afurða á öllum stigum framleiðsluferilsins. Verkefnin voru unnin í nánu samstarfi við íslenskan iðnað og erlendar vísindastofnanir til að tryggja að upplýsingar um bestu kælilausnirnar skili sér til íslensks matvælaíðnaðar.

Markmið verkefnanna var að vera vettvangur þekkingar um bestun kæliaðferða fyrir fiskafurðir til að tryggja gæðaeiginleika hráefnis og afurða og stuðla að hagnýtingu þessara upplýsinga fyrir íslenska framleiðendur á mörkuðum sínum með því að:

- Sambætta núverandi stöðu þekkingar og rannsókna hjá Matís og samstarfsaðilum.
- Leggja grunn að markvissari ferlastýringum við matvælaframleiðslu og auka þekkingu á kælimiðum og áhrifum þeirra á afurðir, gæði, geymsluþol og öryggi afurða.
- Greina hagrænar forsendur valkosta í tækni og flutningum.
- Þróa og aðlaga hraðvirkar mæliaðferðir, þróa spálíkon og raunhæf tól til ákvörðunartöku í iðnaðinum.
- Þróa og gefa út ráðgefandi leiðbeiningar, handbækur og gagnvirka vefgátt sem sniðnar eru að þörfum iðnaðarins.

- Miðla þekkingu og færni byggðum á nýjustu þekkingaruppsprettum heima og heiman á skipulagðan máta til að undirbyggja samkeppnisstöðu íslensks fiskiðnaðar á alþjóðavísu.

Á vefsíðunni [www.kaeligatt.is](http://www.kaeligatt.is) eru niðurstöður verkefnanna kynntar.

